

Fræðsludagur FUM 25. nóvember.

Félag um menntarannsóknir stóð að fræðsludegi fyrir félagsmenn og annað áhugafólk laugardaginn 25. nóvember 2006 í húsnæði Kennaraháskóla Íslands.

Eftirfarandi stutt fræðslunámskeið á sviði menntarannsókna voru í boði:

1. **Heimildaleit fyrir menntarannsóknir:** Kennari Birgir Björnsson (2 tímar, kl. 10-12). Frestað vegna veikinda kennara.

2. **Word námskeið. Nýjungar og vinna með stór skjöl.** Kennari Baldur Sigurðsson (2 tímar, kl. 10-12)

3. **End-Note forritið til að halda utan um heimildir.** Kennari Kristín Erla Harðardóttir (3 tímar, kl. 13-16)

4. **N-Vivo forritið til að vinna úr eigindlegum gögnum.** Kennari Kristín Guðmundsdóttir (3 tímar, kl. 13-16).

Námskeiðin eru opin fyrir meðlimi FUM og kostuðu 2.500 krónur fyrir 2 tíma námskeið og 3 þúsund fyrir 3 tíma námskeiðin.

5. kl. 9-10 sama dag var **Umræðufundur um stöðu tímarita í uppeldis- og menntunarfræði. Spurt var: Hvar er best að birta rannsóknir á sviði uppeldis- og menntamála?**

Umræður um vægi tímarita í uppeldis- og menntunarfræði, bæði svokölluð ISI tímarit, og íslensk tímarit, og fyrirhugaðar breytingar á vægi tímarita í vinnumatí háskólakennara.

Framsögumenn:

Baldvin Zarióh, frá vísindasviði HÍ,

Kristín Indriðadóttir framkvæmdastjóri Menntasmiðju KHÍ og

Helgi Gunnlaugsson, prófessor frá vísindanefnd HÍ

Fundurinn var hinn fróðlegasti. Þátttakendur fengu fræðslu um rök með og á móti ISI tímaritum og um stöðu rita í uppeldis- og menntunarfræði í þeim geira. Einnig var rætt um íslensk tímarit, mikilvægi þeirra og hvernig þau verði metin í framtíðinni.

Í hádeginu var mögulegt að kaupa léttan hádegisverð í húsnæði KHÍ.

Fræðsludagurinn þótti takast vel,

Guðný Guðbjörnsdóttir,

formaður